

Stiltu Makkann þinn fyrir þig

Til hamingju með nýja Makkann þinn. Það eina sem þú þarft að gera núna er að stinga í samband og stilla tölvuna eftir þínum þörfum. Geisladiskana sem fylgdu þarf ekki að nota nema til að setja stýrikerfið upp aftur á vélina. Hér finnur þú svör við fyrstu spurningunum sem kunna að vakna.

1. **Stingdu í samband.** Ef þú ert með fartölvu, þarf að byrja á að hlaða rafhlöðuna. Þú mátt byrja að nota tölvuna strax, en hafðu hana í sambandi þangað til grænt ljós logar á rafmagnstenginu, eða í allt að 4 tíma.


2. **Kveiktu** og bíddu eftir að tölvan ræsi sig upp. Á fyrsta glugganum sem birtist í uppsetningunni er beðið um að velja tungumál. Hér er best að velja ensku.

Næst þarf að velja land. Til að Ísland birtist á listanum, hakaðu við „**Show all regions**“, veldu **Iceland** og ýttu svo á **Continue**.

Show all regions

3. **Viltu afrita upplýsingar?** Ef þú ert að setja upp fyrsta Makkann þinn máttu velja **“Do not copy my information”** og halda áfram í lið 4.

En ef þú átt Makka fyrir, er þetta góður tími til að afrita gögn af honum, ef þú vilt. Fylgdu leiðbeiningunum sem koma upp á skjánum og skoðaðu næst lið 7 á þessu blaði.

4. Næst þarf að velja hnappaborðsskipan. Hakaðu við „**Show all regions**“ (ef þarf) til að stækka listann, og veldu síðan **Icelandic** og ýttu á **Continue**. 

5. Næstu gluggar skýra sig sjálfir, það að tengja tölvuna strax við net þráðlaust eða með snúru sparar tíma við uppsetninguna. Þegar kemur að glugga þar sem óskað er eftir að slá inn nafn, heimilisfang o.þ.h. má skrifa þær upplýsingar inn með séríslenskum stöfum

6. **Shortname.** Næst kemur gluggi sem heitir „**Create account**“. Settu fullt nafnið þitt inn í reitinn „**Name**“ leiðréttu reitinn „**Shortname**“ sérstaklega. Hér leggur tölvan leggur til að nota fullt nafn, án bils og sérstafa, sem virkar sjaldan. Nafnið *Þórður Þórðarson* verður að „*orurorarson*“ Breyttu þessu í fornafnið þitt, án séríslenskra stafa, dæmi: „*Thordur*“

Mikilvægt

Þitt „Shortname“: _____

7. Næst er spurt hvort þú viljir skrá þig fyrir prufuáskrift að þjónustunni **MobileMe** sem veitir þér möguleika á að geyma heimasíðu og öryggisafrit með einföldum hætti. Til að skrá prufuáskrift þarf að gefa upp kreditkortanúmer. Þú getur valið að sleppa því að skrá prufuáskrift að sinni með því að velja neðsta valkostinn. Síðasti hnappurinn sem þú þarft að ýta á er „**GO**“, þá lýkur frum uppsetningu tölvunnar og skjáborðið birtist.




8. Nú þarf að kenna tölvunni íslensku: Smelltu á **System Preferences** (á dokkunni neðst á skjánum) og veldu þar valmyndina **International**. Smelltu á hnappinn **Edit list...** og skrunaðu niður að **Íslenska**, hakaðu við það og ýttu á **OK**.

Language Formats Input Menu

9. Smelltu á hnappinn **Formats** og veldu **Ísland** úr listanum **Region**.

10. Smelltu svo á **Input Menu** og hakaðu við **Character Palette** og **Keyboard Viewer**.




Þessar valmyndir opnar þú með því að smella á íslenska fánann í valmyndaröndinni efst á skjánum, en þær gera auðveldara að finna og nota sértákn og læra staðsetningu þeirra á lyklaborðinu.

Smelltu nú á hnappinn „**Show all**“

11. Smelltu nú á „**Date and Time**“ Smelltu á hnappinn „**Time Zone**“ og smelltu á **Ísland** á landakortinu sem birtist á skjánum. Núna þekkir tölvan rétt tímabelti. Smelltu nú á hnappinn „**Show all**“

12. Ef þú ert með fartölvu, farðu þá inn í valmyndina **Trackpad**. Hakaðu við reitina sem myndin sýnir:



Á **MacBook Pro** og **MacBook Air** kallast þessi stilling *“two finger clicking”*

Núna er hægt að hægismella með því að smella tveimur puttum á músarflötinn á tölvunni.



13. Opnaðu síðuna **www.flip4mac.com** og sæktu forritið **WMV Components**, en það gerir kleift að spila myndskleið af **ruv.is**, **visir.is** og fleiri vefjum.

14. Á **www.adiumx.com** getur þú sótt spjallforritið **Adium**, sem margir nota til að tengjast inn á **MSN**.

15. Á **www.apple.com/downloads** getur þú sótt forrit fyrir tölvuna þína, eins og til dæmis **Microsoft Messenger**, **FireFox**, **kapla (Solitaire)** og fleira.

16. Á **www.apple.is/fraedsla** finnur þú dagskrá námskeiða sem í boði eru í Apple búðinni á Laugavegi 182. Að auki eru flýtleiðir inn á kennslumyndbönd og vefnámskeið frá Apple, sem hjálpa þér við að læra betur og hraðar á tölvuna þína.



Flýtihnappavísir

Við höfum tekið saman lista yfir algengustu flýtihnappana í Mac OS X stýrikerfinu. Þessi listi er bara brot af þeim flýtihöppum sem eru til, en þeir eru engu að síður mjög góð byrjun.

1. „Hægrismellur“. Þú getur hægrismellt í Mac OS X. Ef farið er með músina yfir skjal, hnapp eða eitthvað annað og „hægrismellt“ kemur upp valmynd með aðgerðum sem hægt er að framkvæma á viðkomandi hlut. Prófaðu til dæmis að hægrismella á harða diskinn og velja „Get info“. Það eru meira að segja fleiri en ein leið til að hægrismella:

Haltu inni **ctrl**-takkanum á lyklaborðinu um leið og þú smellir með músartakkanum.

Ef þú átt Mighty Mouse, farðu þá inn í **System Preferences > Keyboard & Mouse > Mouse** og stilltu hægri takkann á músinni á „Secondary click“.

Ef þú ert með fartölvu, sem, farðu þá inn í **System Preferences > Trackpad** og merktu við **two finger clicking** (á eldri vélum: „Clicking“ og „Tap Trackpad using two fingers for secondary click“).

Núna getur þú smellt með tveimur fingrum á snertiflötinn til að hægrismella. (Þú getur líka strokið snertiflötinn með tveimur fingrum til að skruna upp og niður (og hægri og vinstri) í forritum. Prófaðu bara!

Tengdu tveggja takka USB mús við tölvuna og smelltu á hægri músartakkann.

2. Flýtihnappar eru notaðar með því að ýta á tvo eða fleiri hnappa samtímis. Hér eru nokkrar:

Shift ⌘ ? - Opnar hjálpinna í því forriti sem er virkt.

⌘ Z - „Undo“. Afturkallar síðustu aðgerð.

⌘ Q - Lokar því forriti sem er virkt.

⌘ W - Lokar þeim glugga sem er virkur

⌘ H - Felur það forrit sem er virkt.

⌘ Bilslá - Opnar Spotlight-leitargluggann.

⌘ , (komma) - Opnar stillingarnar (**Preferences**) fyrir það forrit sem er virkt.

⌘ P - Opnar gluggann fyrir útprentun í því forriti sem er virkt.

⌘ <> (Hnappurinn vinstra megin við Z) - Hleypur á milli opinna glugga í því forriti sem er virkt.

⌘ TAB (Hnappurinn vinstra megin við Q) - Gerir mögulegt að fletta á milli opinna forrita. Ýttu á **Shift** til að fara afturábak. Haltu inni **⌘** og ýttu á Q til að loka því forriti sem er valið.

⌘ N - Byr til nýtt skjal í því forriti sem valið er. Í Finder opna þessir flýtihnappar nýjan glugga.

⌘ A - Velur alla hluti/texta í völdum glugga.

⌘ M - Minnkar glugga niður í Dock, neðst á skjánum

⌘ X - Cut: Fjarlægir þann texta eða hlut sem valinn er og setur á klemmuspjaldið.

⌘ C - Copy: Afritar þann texta eða hlut sem valinn er og setur á klemmuspjaldið.

⌘ V - Paste: Límir þann texta eða hlut sem settur var á klemmuspjaldið og setur í virkann glugga.

Shift ⌘ 3 - Tekur skjámynd af öllum skjánum og vistar á skjáborðið.

Shift ⌘ 4 - Gerir þér kleift að velja svæði á skjánum og taka mynd sem er vistuð á skjáborðið. Ýttu á **Bilslánnu (space hnappinn)** til að taka mynd af glugga.

F9 (Á Power Book og MacBook Pro **Fn F9**) - birtir alla glugga sem eru opnir. Trix: ýttu á TAB til að hlaupa á milli opinna forrita.

F10 (Fn F10) birtir alla opna glugga í virku forriti.

F11 sýnir skjáborðið.

alt Q (alt 2) @ merkið.

alt ⌘ esc - Neyða forrit sem er frosið til að hætta.

3. Séríslenskir flýtihnappar

alt ð = „ Íslensk gæsalöpp, sú fyrri.

shift alt ð = “ Íslensk gæsalöpp, sú seinni.

Fyrri:



Seinni:

